

Að því leyti sem málið hefur verið gjafsóknarmál, hefur sókn þess verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Urskurður skiptarjettarins á óraskaður að standa.

Málskostnaður fellur niður.

Nr. 24/1876:

Jón Einarsson

gegn

Finnboga Árnasyni.

Dómur.

Mál þetta er þannig undir komið, að nokkru fyrir júl 1872 byggði Jón Einarsson á Vetleifsholtsparti bóndanum Finnboga Árnasyni út af Eystra-Geldingalæk, er Jón hafði erft eptir föður sinn, en Finnbogi sat kyrr fyrir því og fór hvergi; kallaði Jón þá Finnboga fyrir sáttanefnd, og samdist þá svo á millum þeirra 1. nóvbr. 1873, að Jón lofaði Finnboga, að hann skyldi fá fasta byggingu á Eystra-Geldingalæk með því móti, að Jóni innan 3 ára eða ekki seinna en í fardögum 1876 væri útveguð til ábúðar eða eignar jörð innan Rangárvallasýslu eða í uppsveitum Árnessýslu, er að tveggja óvilhallra manna mati væri jafngildi Eystra-Geldingalæksins, og skyldi sinn matsmaðurinn kjörinn af hvorum þeirra, en yrði Jóni á þessu tímabili eigi útveguð jafngild jörð, lofaði Finnbogi að standa góðviljuglega upp af Geldingalæknum, Jóni kostnaðar- og fyrirhafnarlaust. Hinn 6. desember 1875 gjörði nú Jón Finnboga aðvartum, að hann þá í næstkomandi fardögum yrði að fara burtu með allt sitt af Geldingalæknum, nema hann þá væri búinn að útvega sjer eptir sætt þeirra til eignar eða ábúðar jafngóða jörð, og ljet stefnuvotta birta honum útbyggingarbrjef það; en nokkru seinna, eða 19. s. m., áttu þeir fund með sjer, og komu þar virðingarmenn

þeir, er þeir höfðu kosið, sinn hvor, eptir sættinni, til að meta Vetleifsholtspartinn, er Finnbogi hafði útvegað Jóni til ábúðar, móti Eystri-Geldingalæknum; en mat það fór svo, að sá matsmaðurinn, er Jón hafði kosið, lýsti því yfir, að það næði engri átt að bera saman jarðir þessar, því allir, sem til þekktu, mundu heldur kjósa Eystri-Geldingalækinn til ábúðar. Þegar fardagar komu, hreifði Finnbogi sig hvergi, og bað þá Jón sýslumann 10. júní að bera Finnboga út; 16 dögum síðar, eða 26. s. m. kom sýslumaður að Geldingalæk, setti þar fógetarjett og neitaði með úrskurði að bera Finnboga út, af þeirri ástæðu, að það heyrði eigi undir úrskurðarvald fógetans, heldur hið almenna dómsvald í einstakra manna málum að dæma um það, hvort Finnbogi hefði uppfyllt sættina eða eigi. Þessum fógetaúrskurði hefur nú Jón skotið til yfirdómsins og krafizt, að hann verði felldur úr gildi, og að Finnbogi verði borinn út af Geldingalæknum með alla búslóð sína, og skyldaður til að greiða sjer skaðabætur eptir 2 óvillhallra dómkvaddra manna mati, og eins málskostnað skaðlaust eða með einhverju nægilegu.

Að vísu hefur Finnbogi borið það fyrir sig undir fógetagjörðinni, að hann eptir það, að sættin hafði fram farið millum hans og Jóns, hafi útvegað honum hálfan Vetleifsholtspartinn til ábúðar, og að Jón, við að flytja sig þangað, megi álitast að hafa frá fallið öllum frekari jarðnæðiskröfum af sjer; en þótt Jón þæði að flytja sig á jörð þessa, meðan hann eigi komst að eignarjörð sinni eða gat fengið aðra jafngóða jörð til ábúðar, leiðir engan veginn þar af, að hann við það hafi viljað gefa nokkuð eptir af rjetti þeim, er honum bar eptir sættinni. Eins er sú viðbára Finnboga þýðingarlaus, að Jón megi kenna sjálfum sjer um það, að ekkert hafi orðið af matinu, þar eð matsmaður sá, er

hann útnefndi, ekki hafi viljað bera saman kosti og lesti jarðarinnar, því það var hjer nóg, að matsmaðurinn yfir höfuð skýrði frá álitinu sínu um það, hvor jörðin væri betri til ábúðar, þó hann ekki færði til ítarlegar ástæður fyrir því, eins og hann hefur boðið að staðfesta álit sitt með eiði. Ástæða fúgetans fyrir því, að neita að framkvæma útburðinn, hefur og ekkert við að styðjast, því það var beinlínis skylda hans að taka allt það til greina, sem undir gjörðinni kom fram með eða móti henni, og þar á meðal hvort Finnbogi gæti álitizt að hafa fullnægt sættinni eða eigi, sem er skilyrðið fyrir, hvort hann hafði nokkurn rjett til að sitja á jörðunni smbr. NL. 6—14—6, og eptir öllu þessu annað hvort framkvæma gjörðina eða neita að gjöra það, og ef hann var skyldur til þessa, hlaut hann og að vera bær um að gjöra það. Þar eð nú Finnbogi þannig eigi hefur fullnægt sættinni með að útvega Jóni jörð til kaups eða ábúðar, er eptir 2 manna mati, kosinna af sjálfum þeim á þann hátt sem fyr segir, sje jafngildi Geldingalæksins, og hann þar að auki ekki hefur sýnt neitt skilríki fyrir því, að jörðin sje honum byggð til lengri tíma, og þar sem fúgetinn hefur neitað að taka til greina þau málsatriði, sem lögmæti gjörðarinnar er undir komið, þá ber að dæma hinn áfrýjaða fúgetaúrskurð ómerkan og fúgetinn vera skyldugur til að framkvæma hina heimtuðu útburðargjörð. Svo er og Finnboga skylt að bæta áfrýjandanum eptir tveggja dómkvaddra, óvilhallra manna mati allt það tjón, er áfrýjandinn hefur beðið af því að komast ekki að Eystri-Geldingalæknum í seinastliðnum fardögum, og eins að lúka honum málskostnað, er virðist hæfilega metinn 40 krónur. Þess skal getið, að fúgetanum eigi hefur verið stefnt til að bera ábyrgð af fyr tjeðri neitun sinni, og verður hann því eigi dæmdur til þess.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður á ómerkur að vera, og hin umbeðna útburðargjörð á að hafa framgang, svo ber og hinum stefnda, Finnboga Árnasyni, að bæta áfrýjandanum, Jóni Einarssyni, allt það tjón eftir tveggja dómkvaddra óvilhallra manna mati, er hann hefur beðið af því, að komast ekki að Eystra-Geldingalæknum í fardögum 1876, og sömuleiðis í málskostnað 40 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 20. nóvembermán.

Nr. 13/1875:

Jón Ólafsson

gegn

landshöfðingja H. Finsen.

D ó m u r .

Með dómi, uppkveðnum fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur kaupstaðar 19. júním. 1873 af sýslumanni H. Clausen, sem setudómara, er þá verandi ritstjóri blaðsins «Gönguhrólfs», Jón Ólafsson, dæmdur fyrir ærumeiðandi sakargiptir og ummæli um landshöfðingja H. Finsen í 1. árgangi, 10. tölublaði tjeðs blaðs, útkomnu 26. apríl s. á., í 200 rdl. sekt til landssjóðs, og fyrir ósæmilegan rithátt í 5 rdl. sekt til Reykjavíkur fátækra sjóðs, sem og til að greiða allan kostnað af málinu, eins og þó það ekki hefði verið sótt með gjafsókn, þar á meðal 5 rdl. í málsfærslulaun til hins skipaða sóknara Jóns landshöfðingjaritara Jónssonar. Þessum dómi hefur Jón Ólafsson skotið til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 21. janúar f. á., og hefur hann krafizt, að sektargjald